

STEFNA ÍSLANDSSJÓÐA HF. UM FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

INNGANGUR

Samkvæmt reglugerð nr. 471/2014, um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða, og framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 231/2013 um almenn rekstrarskilyrði rekstraraðila sérhæfðra sjóða, skulu Íslandssjóðir þjóna hagsmunum verðbréfasjóðs og sérhæfðs sjóðs, eða fjárfesta sjóðanna, sem félagið stýrir þegar:

- a) Það framkvæmir fyrirmæli (pöntun) um viðskipti fyrir hönd sjóðsins.
- b) Sett er fram framkvæmd fyrirmæla (pöntun) fyrir sjóðinn í tengslum við stýringu á eignasafni hans sem annar aðili skal framkvæma.

Við framkvæmd fyrirmæla eða þegar sett er fram pöntun til annars aðila, skulu Íslandssjóðir gera allar eðlilegar ráðstafanir til að niðurstaðan verði sem hagstæðust fyrir sjóð, að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda á framfylgd og uppgjöri, umfangs og eðlis pantana eða annarra þátta sem máli skipta. Þessi skylda er þekkt sem skyldan um „bestu framkvæmd“.

Tilgangur stefnu þessarar er að lýsa því hvernig Íslandssjóðir leitast við að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd fyrirmæla um viðskipti og framkvæmd fyrirmæla af hálfu sjóðs sem aðrir aðilar framkvæma.

GILDISSVIÐ

Íslandssjóðir eiga ekki í viðskiptum fyrir eigin reikning og framkvæma hvorki fyrirmæli fyrir hönd sjóðs, né miðla fyrirmælum fyrir hönd sjóðs. Íslandssjóðir eru þ.a.l. ekki markaðsaðili sem á aðild að skipulegum markaði í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Viðskiptafyrirmælum er beint til annarra aðila. Komi til þess að Íslandssjóðir framkvæmi fyrirmæli um viðskipti fyrir hönd sjóðs þá gildir stefna þessi um framkvæmdina.

Viðkomandi sjóðstjóra er falið að ákveða hvernig hann framkvæmir viðskiptafyrirmæli eða gefur fyrirmæli fyrir hönd sjóðsins.

Stefna þessi útlistar þær skyldur sem lagðar eru á viðkomandi sjóðstjóra til að tryggja að Íslandssjóðir uppfylli skilyrði laga og reglna varðandi bestu framkvæmd.

Stefnan gildir um viðskiptafyrirmæli vegna fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga og aðrar eignir þar sem besta framkvæmd skiptir máli.

Þegar vísað er til sjóða í stefnu þessari er átt við verðbréfasjóði, sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og aðra sérhæfða sjóði þar sem besta framkvæmd skiptir máli.

ÞÆTTIR OG VIÐMIÐ VARÐANDI FYRIRMÆLI

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla af hálfu sjóðs eða þegar sjóðstjóri gefur fyrirmæli fyrir hönd sjóðs skal sjóðstjóri leita allra mögulegra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu með tilliti til eftirfarandi þátta:

- Verð.
- Kostnaður.

- Hraði.
- Líkur á að af viðskiptunum verði og líkur á uppgjöri.
- Umfang.
- Eðli.
- Aðrir þættir sem skipta máli.

Sjóðstjóri skal ákvarða hlutfallslegt mikilvægi framangreindra þátta með hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

- Markmiðs, fjárfestingarstefnu og áhættu sjóðs, eins og tilgreint er í lýsingu eða, eftir því sem við á, í sjóðsreglum eða samþykktum sjóðs.
- Einkenna pöntunar.
- Einkenna fjármálagerninga sem um er að ræða í viðkomandi pöntun.
- Einkenna þeirra markaða/viðskiptakerfa sem unnt er að beina fyrirmælum til.

Að öllu jöfnu eru verð og kostnaður mikilvægustu þættirnir sem litið er til varðandi framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir hönd sjóðs. Hins vegar kunna aðrir áður tilgreindir þættir að hafa áhrif. Sem dæmi má nefna:

- Ef seljanleiki tiltekins fjármálagernings er takmarkaður geta líkindi á framfylgd og greiðslu skipt meira máli fyrir framkvæmd pöntunar en aðrir þættir.
- Ef sjóður þarf að afla fjármagns vegna innlausnar hlutdeildarskírteinishafa getur hraði og líkindi á framfylgd og greiðslu skipt meira máli fyrir framkvæmd pöntunar en aðrir þættir.
- Ef um umfangsmikla pöntun er að ræða getur möguleikinn á að pöntunin verði framkvæmd í heild, á óhagstæðara verði, skipt meira máli en framkvæmd á aðeins hluta hennar á hagstæðara verði.
- Ef verðbil á mörkuðum er óstöðugt getur hraði skipti meira máli fyrir framkvæmd pöntunar en aðrir þættir.
- Takmarkaður fjöldi viðskiptastaða kunna að standa til boða vegna framkvæmdar viðskipta með tiltekna fjármálagerninga (t.d. OTC-afleiður eða sérhannaðar afurðir) sem getur haft áhrif á ofangreinda þætti.

Sjóðstjóri mun leggja mat á hvaða viðskiptastaði (e. Execution venue) notast skal við, með hliðsjón af framangreindum þáttum og viðmiðum, til að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir sjóð hverju sinni.

Listi yfir viðskiptastaði sem einkum skal notast við vegna skráðra fjármálagerninga:

Tegund fjármálagernings	Markaðssvæði	Viðskiptastaður
Hlutabréf og heimildarskírteini vegna þeirra	Evrópska efnahagssvæðið, Bandaríkin	Nasdaq Iceland, First North Iceland, Euronext Amsterdam, Nasdaq Stockholm, NYSE, NYSE American
Skuldabréf	Evrópska efnahagssvæðið	Nasdaq Iceland
Hlutdeildarskírteini	Evrópska efnahagssvæðið, Bandaríkin	Nasdaq Iceland, NYSE, NYSE American
Afleiður	Evrópska efnahagssvæðið	Nasdaq Iceland
Peningamarkaðsgerningar	Evrópska efnahagssvæðið	Nasdaq Iceland, First North Iceland

AÐILAR SEM KOMA MÁ PÖNTUNUM TIL

Við framkvæmd fyrirmæla af hálfu sjóðs, sem aðrir aðilar framkvæma, er sjóðstjóra heimilt að koma pöntunum til aðila sem Íslandssjóðir eða sjóðir í rekstri félagsins hafa stofnað til viðskiptasambands við um framkvæmd fyrirmæla.

Íslandssjóðir eða sjóðir í rekstri félagsins skulu aðeins eiga í viðskiptasambandi við aðila um framkvæmd fyrirmæla ef slíkt samræmist þeim skyldum sem mælt er fyrir um í stefnu þessari.

Aðili sem koma má pöntunum til skal vera með starfsleyfi fyrir fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarsterfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um markaði fyrir fjármálagerninga eða sambærilegri löggjöf sé um erlendan aðila að ræða. Jafnframt skal aðillinn hafa sett sér verklagsreglur eða stefnu um bestu framkvæmd og meðferð fyrirmæla viðskiptavina. Kanna skal fyrirfram hvort slíkar verklagsreglur eða stefna sé til staðar hjá viðkomandi aðila sem Íslandssjóðir eða sjóðir í rekstri félagsins hyggjast eiga í viðskiptasambandi við í því skyni að sannreyna að efni þeirra samræmist stefnu þessari.

Aðili sem koma má pöntunum til skal að jafnaði notast við eina eða fleiri tegundir eftirfarandi markaða:

- Skipulega markaði eða markaðstorg fjármálagerninga innan EES-svæðisins.
- Skipulegt markaðstorg (OTF).
- Innmiðlara.
- Eigin reikning.
- Fjármálafyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, miðlara og tengda aðila í hlutverki viðskiptavaka eða aðra söluaðila fjármálagerninga.
- Aðila utan EES-svæðisins sem hafa með höndum sams konar starfsemi.

Aðila sem pöntunum er komið til er heimilt að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga ef talið er að með þeirri framkvæmd sé kröfunni um bestu mögulegu niðurstöðu fullnægt og til hagsbóta fyrir sjóð.

Listi yfir aðila sem sjóðstjórar Íslandssjóða mega koma pöntunum til, að því er varðar sérhvern flokk gerninga:¹

Aðili	Tegund fjármálagernings
Íslandsbanki hf.	Hlutabréf, heimildarskírteini, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl.
Arion banki hf.	Hlutabréf, heimildarskírteini, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl.
Landsbankinn hf.	Hlutabréf, heimildarskírteini, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl.
Kvika banki hf.	Hlutabréf, heimildarskírteini, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl.
Fossar markaðir hf.	Hlutabréf, heimildarskírteini, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl.
Arctica Finance hf.	Hlutabréf, heimildarskírteini, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl.
ACRO verðbréf hf.	Hlutabréf, heimildarskírteini, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl.
Pareto Securities AS	Hlutabréf, heimildarskírteini, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, afleiður, peningamarkaðsskjöl.

¹ Jafnframt má leggja fram pöntun til þessara aðila í gegnum beinan markaðsaðgang (e. *Direct Market Access*) að viðskiptavettvangi, sem settur er upp með atbeini aðilanna, samkvæmt sérstökum samningi þess efnis við viðkomandi aðila.

Sjóðstjóra er heimilt, sé það sjóði til hagsbóta og leiði til bestu mögulegu niðurstöðu, að koma pöntunum til annarra aðila en tilgreindir eru á listanum ef ríkjandi markaðsaðstæður krefjast þess á þeim tímapunkti er framkvæma á viðskiptafyrirmæli.

EFTIRLIT OG ENDURSKOÐUN

Regluvörður Íslandssjóða mun hafa reglubundið eftirlit með skilvirkni stefnu þessarar, einkum hvað varðar gæði framkvæmdar hjá þeim aðilum sem koma má pöntunum til, í því skyni að greina og leiðrétta annmarka eftir því sem við á.

Íslandssjóðir munu endurskoða stefnu þessa árlega. Slík endurskoðun mun einnig fara fram ef veruleg breyting á sér stað sem hefur áhrif á getu Íslandssjóða til að ná fram hagstæðustu niðurstöðu fyrir sjóð eða fjárfesta hans.

AÐGENGI OG UPPLÝSINGAGJÖF

Íslandssjóðir munu gera stefnu þessa og allar verulegar breytingar á henni aðgengilegar eigendum hlutdeildarskírteina.

Ef þar til bær aðili óskar þess, munu Íslandssjóðir sýna fram á að fyrirmæli hafi verið framkvæmd fyrir hönd sjóðs í samræmi við stefnu þessa.

Samþykkt af stjórn Íslandssjóða hf. 26. maí 2025.